

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 2013 í máli nr. S-195/2013:

Ákærvaldið

(Kjartan Ólafsson fulltrúi)

gegn

D og

(Garðar Vilhjálmsson hdl.)

E

(Bjarni Hólmar Einarsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 14. maí 2013, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 12. mars 2013, á hendur D, kt. 000000-0000, [...], Reykjavík, og E, kt. 000000-0000, [...], Kópavogi, fyrir líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt [...] 2012, á horni [...] í miðbæ Reykjavíkur, veist í félagi að A og B, en ákærði D kom aftan að A, tók hann hálstaki og lagði síðan í götuna. Kom B þá A til hjálpar en ákærði E brást við með því að sparka í kvið hennar. Í kjölfarið slógu ákærðu og spörkuðu í A er hann lá í jörðinni, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut 3 cm langan skurð yfir hægri augabrún og brot á hægri augntóft, en B hlaut mar á kviðvegg og brjóstkassa.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu gerir Helga Vala Helgadóttir hdl., fyrir hönd A, kröfu um að ákærðu greiði skaðabætur sameiginlega að fjárhæð 176.004 krónur, auk miskabóta að fjárhæð 1.000.000 króna. Þá er krafist vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. apríl 2012 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Verjendur ákærðu krefjast þess aðallega að ákærðu verði sýknaðir af öllum kröfum ákærvalds, en til vara að þeir verði dæmdir til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er aðallega krafist frávísunar bótakröfu, en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Þá krefjast verjendur hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins, sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Aðfaranótt [...] 2012, klukkan 4:46, var lögregla kvödd að [...] í Reykjavík vegna líkamsárásar. Á vettvangi ræddu lögreglumenn við systkinin C, B og A. Þau greindu frá því að tveir menn hefðu ráðist á þau að tilefnislausu og slegið þau. B sagði annan árásarmanninn vera feitlaginn og hefði hann verið íklæddur bláköflóttri skyrtu. Kemur fram að A hafi verið með skurð ofan við auga og að systkinunum hafi verið ekið á slysadeild.

Ákærðu, D og E, voru einnig staddir á vettvangi og ræddu lögreglumenn við þá. Kemur fram að þeir hafi séð strák og stelpu vera að rífast og hefðu þeir ákveðið að ganga á milli þeirra. Þá hafi strákurinn farið að æsa sig við þá og hefði hann slegið D í andlitið. Eftir það hefðu upphafist einhverjar stympingar og hefðu þeir hrint stráknum í jörðina. Þeir neituðu að hafa snert stúlkuna.

Samkvæmt vottorðum Jóns Magnúsar Kristjánssonar, sérfræðings í slysa- og bráðalækningum, dagsettum [...] 2012, leituðu A og B á slysadeild umrædda nótt. Kemur fram að A hafi sagst hafa verið sleginn í andlit og að mögulega hafi verið sparkað í hann. Hann hafi verið með þriggja cm skurð á augnloki, sem hafi verið saumað með þremur sporum. Við tölvusneiðmyndatöku hafi sést brot á augntóft með lítilli tilfærslu. Þá kemur fram að áverkar komi vel heim og saman við högg eftir sljóan hlut svo sem hnefa eða spark. B hafi sagst hafa fengið spark í magann. Hún hafi verið með eymsli ofan til í kvið, yfir hægra nýra og framan á brjóstkassa hægra megin. Þá hafi hún verið með mar á kviðvegg og brjóstkassa, sem vel geti hafa komið til við högg með sljóum hlut, svo sem hnefa eða eftir spark.

Ákærðu voru yfirheyrðir af lögreglu [...] 2012. Þeir neituðu alfarið að hafa veist að A og B í umrætt sinn og kváðust ekki geta skýrt áverka sem þau hefðu hlotið. Ákærði D kvaðst hafa verið íklæddur dökkblárri hettupeysu, dökkbláum gallabuxum og hvítum strigaskóm þessa nótt. Ákærði E kvaðst hafa verið í bláum gallabuxum og skyrtu, en ekki muna hvernig hún var á litinn.

Við aðalmeðferð málsins kvaðst ákærði D hafa verið að rölta upp [...] með meðákærða og F, félagi þeirra, og hefðu þeir ætlað að sækja fjórða félagann sem hann minnti að hefði verið á [...]. Þegar þeir komu að Smiðjustíg hefðu þeir séð mann og stúlku, sem hann vissi nú að voru A og B. Þau hefðu verið að rífast og mikill hiti verið á milli þeirra. E hefði ætlað að ganga á milli, en við það hefði A orðið mjög æstur. Ákærði kvaðst hafa reynt að draga E frá A. Síðan hefði safnast að fólk, sem var að koma út af veitingastöðum þarna í kring. Ákærði kvaðst ekki hafa séð nein átök þarna. Hann hefði hvorki tekið A hálstaki né veitt honum högg. Þá hefði hann ekki séð A verða fyrir höggi og kannaðist ekki við að A hefði veitt honum högg. Hann kvaðst engin samskipti hafa átt við systur A. Þá kvað hann það ekki rétt sem haft hefði verið eftir þeim meðákærða í frumskýrslu um málið.

Ákærði kvað þá meðákærða hafa hringt til lögreglu því að kaos hefði myndast þarna á vettvangi. Hann hefði séð að blæddi úr andliti A eftir að lögregla kom á vettvang, en ekki vita hvernig hann hlaut áverka. Ákærði kvaðst hafa verið í dökkblárri hettupeysu og gallabuxum þetta kvöld. Hann kvaðst ekki kannast við að hafa verið í grárrí hnepptri peysu eins og komið hefði fram hjá vitnum.

Ákærði, E, kvað þá meðákærða hafa verið að skemmta sér með félögum sínum þetta kvöld. Þeir hefðu verið á leiðinni að [...] til að sækja félagi sinn sem ætlaði samferða þeim heim. Á horni [...] hefðu þeir séð mann, sem þeir vissu síðar að var A, og hefði hann verið að rífast við stúlku. Honum hefði fundist A ógnandi við stúlkuna og hefði hann haft hendur á lofti. Ákærði kvaðst hafa ákveðið að stinga sér á milli þeirra þar sem honum hefði sýnst eitthvað vera í uppsiglingu og viljað stöðva það. Þau hefðu hins vegar brugðist illa við og hefðu hafist einhverjar stymplingar á milli þeirra þriggja. Ákærði kvaðst hafa reynt að draga sig út úr þessu, en stúlkann hefði sakað hann um að kýla A. Þau hefðu færst niður [...] og á móts við veitingastaðinn [...] hefði dyravörður komið út og skilið þau í sundur. Síðan hefði lögregla komið á vettvang. Ákærði kvaðst ekki hafa séð A liggjandi í götunni. Þegar þau voru utan við [...] hefði hann tekið eftir því að A var blóðugur á augabrúninni, en hann hefði ekki séð hvernig hann hlaut áverka. Hann kvaðst ekki hafa séð til meðákærða meðan á þessum stymplingum stóð, þar sem hann hefði snúið baki í hann. Spurður um klæðnað sinn þetta kvöld kvaðst hann hafa verið í dökkgráum jakkafötum og bláköflóttu skyrtu.

Vitnið, A, kvað þau systkinin hafa verið stödd á [...] og hefðu þau B verið að rífast vegna atviks sem átti sér stað skömmu áður. Hann kvaðst skyndilega hafa verið tekinn hálstaki aftan frá og færður niður í götuna. Vitnið kvaðst síðan hafa séð tvo menn og hefði annar þeirra gengið að C, en hinn að B. Hann kvaðst hafa hrópað á mennina að láta systur sínar í friði og hefði hann reynt að veita mannum sem nálgæðist C högg með hnénu til að stöðva hann. Hann hefði síðan ætlað að aðstoða B, en þá aftur verið tekinn hálstaki og færður niður í götuna. Þar sem hann lá hefði hann fengið þungt högg í andlitið ofan við hægra auga og vankast við það. Þegar hann reis á fætur hefði hann fundið blóð renna niður andlitið. Vitnið kvaðst hafa séð að mennirnir voru að reyna að láta sig hverfa niður á [...] og hefði hann þá hringt til lögreglu. Hann hefði fengið nöfn manna uppgefin hjá lögreglu og fundið myndir af þeim á facebook. Kvaðst hann þekkja ákærðu aftur sem árásmennina. Það hefði verið ákærði D sem tók hann hálstaki í upphafi og væri hann þess fullviss að D hefði einnig tekið hann hálstaki í síðara skiptið, en enginn annar hefði verið nálægt sem hefði getað gert það. Hann kvaðst ekki gera sér grein fyrir því hvort sparkað var eða slegið í hann þar sem hann lá. Hann kvaðst telja að D hefði veitt sér höggið, en hann hefði staðið hægra megin við hann, þaðan sem

höggið kom. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða E veitast að B í upphafi, en hann hefði ekki séð hvað gerðist á milli þeirra þar sem hann hefði verið að aðstoða C að komast undan D. Hann kvað fleira fólk hafa verið þarna í kring, en það hefði aðeins fylgst með og ekki blandast í átökin.

Vitnið, B, kvaðst hafa staðið andspænis A bróður sínum þegar hún hefði skyndilega séð að handlegg var brugðið um háls honum og hann dreginn niður í götuna. Vitnið kvaðst þekkja ákærða D aftur sem manninn sem veittist að bróður hennar. Meðákærði E hefði gengið að vitninu og sparkað í maga hennar svo að hún féll utan í glugga verslunarhúss sem hún stóð við. E hefði síðan snúið baki við henni og gengið að A þar sem hann lá í götunni. Vitnið kvaðst hafa stokkið upp á bak E til að reyna að stöðva hann. Hún hefði séð út undan sér að D sparkaði í átt að A þar sem hann lá í götunni, en hún hefði ekki séð hvar spörkin lentu. A hefði risið á fætur og hefði hann þá verið blóðugur í andliti. Ákærðu hefðu gengið niður Smiðjustíginn, en hún hefði hlaupið á eftir þeim og fengið dyraverði við veitingastað til að aðstoða sig við að stöðva þá. Hún kvað engan hafa verið nálægt þeim þegar ákærðu réðust á þau. Spurð um klæðnað ákærðu kvað hún D hafa verið í grárri peysu og gallabuxum, en E í svörtum „blaser“ jakka, svörtum buxum og hvíttri skyrtu. Borin voru undir vitnið ummæli sem höfð voru eftir henni í skýrslu sem lögreglumaður tók af henni í síma [...] 2012. Þar var bókað eftir vitninu að eftir að maðurinn í „blaser“ jakkanum hefði sparkað í hana hefði hann komið hinum manninum til aðstoðar og hefðu þeir látið högg og spörk dynja á A þar sem hann lá. Vitnið kvaðst telja þessa lýsingu rétta, en tók fram að hún hefði ekki séð mennina slá eða sparka í A þar sem hún hefði verið á bakinu á E.

Vitnið, C, kvaðst hafa staðið á milli systkina sinna þegar ákærðu veittust að þeim. Hefði ákærði D tekið A hálstaki, en ákærði E gripið um fót hans og hefðu þeir reynt að færa hann niður í götuna, en hún kvaðst ekki muna hvort það hefði tekist. Þá hefði D snúið sér að henni, en E gengið að B. Vitnið kvað A hafa komið sér til hjálpar, en hún hefði ekki séð hvað E og B fór á milli. Hún hefði síðan séð að D tók A aftur taki og færði hann í götuna. Hefði hún séð D sparka oftast en einu sinni í andlit A þar sem hann lá. Vitnið kvað D hafa verið íklæddan grárri peysu, en E hefði verið í svörtum „blaser“ jakka og svörtum buxum. Hún kvað fólk hafa verið úti á götu þegar þetta átti sér stað, en enginn hefði blandað sér í átökin. Borin var undir vitnið skýrsla hennar hjá lögreglu [...] 2012, þar sem hún var spurð hvort hún hefði séð þegar A var kýldur og svar vitnisins var bókað á þessa leið: „Það var mikið af fólki í kringum hann þannig að ég sá ekki högg en ég sá einhvern lyfta hnefa, ég veit ekki hver það var.“ Vitnið kvaðst hafa verið í sjokki þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu og hefði hún helst ekki viljað muna hver sparkaði í hvern. Hún kvaðst hins vegar muna þetta nú. Þá var borin undir vitnið skýrsla sem

lögreglumaður tók af henni í síma [...] 2012 þar sem hefði komið fram hjá henni að árásarmennirnir hefðu báðir látið högg og spörk dynja á A. Var vitninu jafnframt bent á að lýsingar sem bókaðar voru eftir þeim B í símaskýrslum sem þær gáfu væru nánast samhljóða, en við skýrslutöku tveimur dögum eftir atvikið hefðu þær ekki greint eins frá. Vitnið kvað þau systkinin hafa rætt þessi atvik eftir á. Hún kvaðst þó vilja áréttta að hún hefði verið í sjokki eftir atvikið og hefði ekki viljað hugsa um það sem gerðist. Hún hefði ekki viljað greina frá því sem hún hefði séð í smáatriðum við skýrslutöku tveimur dögum eftir atvikið.

Vitnið, F, kvaðst hafa verið í för með ákærðu í umrætt sinn. Þeir hefðu gengið upp [...] og ætlað að sækja félagan sinn sem hefði verið staddur á bar þar skammt frá. Þeir D hefðu báðir verið í símanum að reyna að ná sambandi við þennan félagan sinn, en E hefði gengið aðeins á undan þeim. Skyndilega hefðu þeir séð karl og konu sem hefðu verið að rífast og hefði karlinn verið farinn að ýta konunni. Hefði E gengið að þeim og stigið á milli þeirra. Þeir hefðu síðan séð að hiti var kominn í leikinn og hefði D farið á eftir E og togað í hann. Síðan hefði allt farið í háa loft og hrindingar byrjað. Margt fólk hefði drifið að og hefði þvagan færst rólega niður Smiðjustíginn. Vitnið kvaðst hvorki hafa séð A tekinn hálstaki né að slegið eða sparkað hefði verið í hann liggjandi. Þá hefði hann ekki séð fólkið í þvögunni blandast í átök þarna. Hann hefði hins vegar séð að blæddi úr A þegar hann sté út úr hópnum. Hann kvaðst hafa staðið í um 10 til 15 metra fjarlægð frá hópnum. Vitnið kvað þá ákærðu hafa hringt til lögreglu eftir þetta og hefðu þeir beðið eftir að lögregla kæmi á vettvang.

Vitnið, G, gaf skýrslu fyrir dóminum og staðfesti læknisvottorð sem hann hafði ritað vegna A og B. Ekki eru efni til að rekja framburð vitnisins.

Niðurstaða

Ákærðu neita sök og hafna því að hafa veist að A og B eins og í ákæru greinir. F, sem kom fyrir dóminn sem vitni, gat ekki lýst atvikum þar sem hann kvað fólk sem var á vettvangi hafa byrgt sér sýn. Þá voru lýsingar C á atvikum nokkuð misvísandi, svo sem rakið hefur verið. Hefur framburður þessara vitna því takmarkað sönnunargildi í málinu.

B hefur borið að ákærði E hafi sparkað í maga hennar. Þá lýsti hún því að ákærði D hefði tekið A hálstaki og lagt hann í götuna og hefði hún síðan séð hann sparka í átt til A, sem hefði verið blóðugur í andliti er hann reis á fætur. A kvaðst þess fullviss að ákærði D hefði tekið hann hálstaki og fært hann í götuna, en engum öðrum hefði verið til að dreifa þar sem E hefði þá verið að kljást við B. Þá kvað hann höggið sem hann fékk í andlitið þar sem hann lá hafa komið frá hægri, en D hefði þá staðið hægra megin við hann. Vitnin hafa gefið greinargóða lýsingu á

atvikum og hefur framburður þeirra verið stöðugur um atriði sem skipta máli, auk þess sem hann fær stoð í læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir málinu. Á hinn bóginn hafa ákærðu engar skýringar getað gefið á því hvernig A og B hlutu áverka í umrætt sinn. Þykir ekki varhugavert að leggja frásögn vitnanna A og B til grundvallar í málinu. Samkvæmt framansögðu telst sannað, gegn neitun ákærðu, að ákærði D hafi tekið A hálstaki, lagt hann í götuna og sparkað í hann, en ákærði E hafi sparkað í kvið B, með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir og lýst er í læknisvottorðum. Hins vegar er ósannað að ákærði E hafi veist að A með höggum og spörkum og D slegið hann liggjandi, auk þess sem ekki er komið fram í málinu að ákærði D hafi veist að B með ofbeldi. Verða ákærðu sýknaðir af ákæru að þessu leyti, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Telst brot ákærða D varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en brot ákærða E við 1. mgr. 217. gr. sömu laga.

Ákærði, D, er fæddur [...] 1992 og hefur hann ekki áður sætt refsingu. Atlaga ákærða að A var tilefnislaus og gróf, en ákærði sparkaði í andlit A liggjandi. Með vísan til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú mánuði.

Ákærði, E, er fæddur [...] 1985 og hefur hann ekki áður sætt refsingu. Ákærði réðst að tilefnislausu á B og veitti henni nokkra áverka. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Refsing ákærðu verður bundin skilorði, sem í dómsorði greinir.

Af hálfu A er krafist skaðabóta úr hendi ákærðu sameiginlega að fjárhæð 1.176.004 krónur auk vaxta. Ákærði [...] hefur verið sýknaður af ákæru um líkamsárás gagnvart A og verður kröfu um skaðabætur á hendur honum því vísað frá dómi.

Bótakrafa sundurliðast þannig:

Miskabætur	1.000.000 króna
Tjón v/atvinnumissis	60.000 krónur
Tjón v/hljóðverstíma	56.000 krónur
Lækniskostnaður	22.454 krónur
Fatatjón	37.550 krónur

Brotapoli á rétt á miskabótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Krafa um tjón vegna atvinnumissis er ekki studd viðhlítandi gögnum og verður henni vísað frá dómi. Þá er ósannað að brotapoli hafi orðið fyrir fjártjóni vegna tapaðra hljóðverstíma, sem ákærði beri ábyrgð á og verður kröfu um bætur þar fyrir vísað frá dómi. Í málinu liggja fyrir gögn um útlagðan lækniskostnað og kvittun vegna fatatjóns. Verður ákærði D dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna þeirra liða eins og

krafan er fram sett. Skaðabætur beri vexti sem í dómsorði greinir. Loks verður ákærði dæmdur til að greiða bótakrefjanda málskostnað að fjárhæð 200.000 krónur.

Ákærði, D, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Vilhjálmssonar hdl., 313.750 krónur. Ákærði, E, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Hólmars Einarssonar hdl., 313.750 krónur. Þóknun lögmanna er vegna vinnu á rannsóknarstigi málsins og við meðferð þess fyrir dómi og hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun hennar. Ákærðu greiði sameiginlega 234.982 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kjartan Ólafsson saksóknarfulltrúi.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, D, sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði, E, sæti fangelsi í einn mánuð.

Fresta skal fullnustu refsingar beggja ákærðu og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, D, greiði A 560.004 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. apríl 2012 til 3. maí 2013, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað.

Ákærði, D, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Vilhjálmssonar hdl., 313.750 krónur. Ákærði, E, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Hólmars Einarssonar hdl., 313.750 krónur. Ákærðu greiði sameiginlega 234.982 krónur í annan sakarkostnað.

Ragnheiður Harðardóttir

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 24. maí 2013.